

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 105

23. september 2020

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman til fundar í húsnæði skólans miðvikudaginn 23. september 2020 kl. 8:30. Mættir: Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Helgi Haukur Hauksson (í gegnum fjarfundarbúnað), Hrefna B. Jónsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn

Fundargerð 104. fundar samþykkt og undirrituð.

2. Farið yfir átta mánaða uppgjör og árslokaspá

Helga Karlsdóttir kynnti rekstrar- og efnahagsreikning fyrir stjórn. Farið var yfir útkomuspá vegna átta mánaða uppgjors með árslokaspá. Umræða um almennan rekstur MB, tekjur og ráðstöfun fjármagns.

Vegna Covid19 var fundi stjórnar, þar sem kynna átti sex mánaða uppgjör frestað. Fundurinn átti að fara fram í ágúst með kynningu á sex mánaða uppgjöri.

3. Áfram gakk – framtíðarsýn í starfi MB

Skólameistari kynnti vinnu starfshóps innan MB, sem hefur starfað að stefnumótun og framtíðarsýn í starfi skólans. Hugmyndir kynntar með umræðum. Þessi liður er framhald af ráðstefnunni „Menntun fyrir stöð framtíðar“ sem fram fór á vegum skólans.

Hlé gert á fundi kl. 9:45 – fundur hófst aftur kl. 10:05

4. Nemendagarðar og skólaakstur

Atvinnuráðgjöf SSV var falið að gera viðskiptaáætlun um mögulega byggingu nemendagarða MB og taka saman greinargerð um möguleika á skólaakstri. Ólafur Sveinsson og Páll S. Brynjarsson frá SSV voru gestir fundarins og kynntu drög að viðskiptaáætlun og greinargerð. Umræður fóru fram í kjölfarið með vangaveltum um aðra kosti.

Atvinnuráðgjöf SSV mun í framhaldinu upplýsa sveitarstjóra Borgarbyggðar (sem samstarfsaðila Nemendagarða MB) um greinargerðina og framgang málsins. Í framhaldi af umræðum er það vilji stjórnar MB að Atvinnuráðgjöf SSV skoði möguleika á öðru húsnæði fyrir nemendagarða í bæjarfélaginu, þá í fyrsta lagi samstarfssamninga við einkaaðila um langtímaleigu, öðru lagi um kaup á



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

öðru húsnæði (með tilheyrandi tilkostnaði við breytingar á því fyrir starfsemina) og í þriðja lagi frekari útfærslu á skólaakstri með bættem almenningssamgöngum.

Stjórn MB samþykkir að SSV verði falið að vinna þetta áfram.

Stjórn MB þakkar Atvinnuráðgjöf SSV fyrir vel unna greinargerð.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki gert og er fundi slitið kl. 11:10.